

Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur 20. Janúar 2016 kl. 20:00

1. Fundarsetning.

Formaður Sunddeildar Keflavíkur, Hilmar Örn Jónasson, setur fundinn og býður alla velkomna.

2. Kosning fundarstjóra.

Hilmar lagði til að Guðmundur Bjarnason yrði fundarstjóri og var það samþykkt.

3. Kosning fundarritara

Guðmundur leggur til að Guðný S. Magnúsdóttir verði fundarritari og var það samþykkt.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar

Guðmundur lagði fram fundargerð síðasta aðalfundar en hún er aðgengileg á heimasíðu félagsins en auk þess liggur skýrsla útprentuð á staðnum.

5. Skýrsla stjórnar

Hilmar fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2015. Skýrslan mun birtast á heimasíðu félagsins að fundi loknum.

6. Ársreikningar lagðir fram

Guðmunda Róbertsdóttir, gjaldkeri les og fer yfir ársreikninginn. Eintök liggja frammi. Hagnaður ársins 972.000 fyrir utan fjármagnsliði. Eigið fé: 7690.000

Reikningar lagðir fyrir og orðið var laust.

Einar Haraldsson kom í pontu og tjáði sig um reksturinn, þar sem hann segir að utanumhald er gott, jákvæður rekstur, ársreikningar vel framsettir. Hann þakkar einnig Hilmar formanni fyrir góða skýrslu.

Reikningar lagðir fram til samþykktar, reikningar samþykktir.

Einar óskaði eftir því að taka aftur til máls.

Veitinga starfsmerkja:

Hilmar Örn Jónasson og Guðný S. Magnúsdóttir voru veitt viðurkenning fyrir 5 ára starf.

KAFFIHLÉ

7. Kosningar

Guðmundur les upp núverandi stjórn.

a. Formannskjör:

Hilmar Örn Jónasson tilkynnti framboð sitt með löglegum fyrirvara. Hann var einn í kjöri. Hann var samþykktur með lófaklappi.

b. Stjórnarmenn:

Gunnrún Theodórsdóttir og Guðný S. Magnúsdóttir gefa kost á sér til stjórnarsetur í 2 ár. Enginn önnur framboð bárust og voru þær kosnar með lófaklappi.

c. Varastjórn

Guðrún Jóna Árnadóttir, Sigurbór Sævarsson og Falur Daðason bjóða sig fram í varastjórn. Þau voru samþykkt með lófaklappi.

d. Skoðunarmenn

Daði Þröstur Þorgrímsson og Birgir Ingibersson gefa kost á sér og var það samþykkt með lófaklappi. Ekkert framboð barst í varamann.

8. Félagsgjald:

Vísað til stjórnar án andmæla

9. Fjárhagsáætlun

Guðmunda Róbertsdóttir les upp fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir tapi kr. 150.000

Orðið var laust vegna fjárhagsáætlunar en enginn tjáði sig

10. Önnur mál.

Fyrstur tók til máls Einar Haraldsson sem kom upp í pontu þar sem hann afhenti Guðmundu Róbertsdóttur starfsmerki sem hún fékk fyrir 5 ára starf árið 2014. Einar óskar nýrri stjórn til hamingju með kjörið og þakkar Erni Ævari fyrir góð störf. Einar minnir á endurnýjun fyrirmyndardeildar, minnir einnig á fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ en umsóknarfrestur er 1. Apríl og 1. Október. Umhverfisdagur UMFÍ verður í lok apríl en sunddeildin tekur til í kringum sína sundstaði, en með því skilum við tilbaka til samfélagsins. Einar segir að 50+ landsmótið verður haldið í sumar og unglíngalandsmótið hefst 29. Júlí nk. Hann vill koma þeim skilaboðum áleiðis til þjálfara um mótahaldið. Keflavíkurdagurinn verður haldinn í annað sinn í haust, einhugur er að halda áfram með daginn þar sem deildir kynna sitt starf.

Einar vill einnig minna á námskeið aðalstjórnar, skyndihjálparnámskeið og verndum þau. Vill að þjálfarar séu sendir á þessi námskeið en þau eru félögunum að kostnaðarlausu. Einar segir einnig að innan deildarinnar þá er mikil þekking í Nora kerfinu þar sem kunnátta sé liggur við meiri hjá þeim en eigendum kerfisins. Þá segir Einar að aðalstjórn hafi ákveðið að leita til sunddeildarinnar með að hafa kaffi og veitingar á aðalfundi aðalstjórnar.

Guðmundur Bjarnason þakkar fyrir sig og gefur formanni sunddeildarinnar Hilmar Erni orðið. Hilmar fer yfir stöðuna með afrekssjóðinn og hvetur aðalstjórn að hugsa um lausn til að finna leið til að koma á stofn afrekssjóði.

Einar Haraldsson segir að það sé lúxusvandamál hve marga landsliðsmenn félagið á, þegar við seldum Heiðarendalandið þá fengu deildir fjárhæð skipt sín á milli og gígantískir peningar farið út úr félaginu í formi styrkja og afskrifta. Á sínum tíma skuldaði knattspyrnudeild 74 milljónir og hefur orðið mikill viðsnúningur.

Hilmar þakkaði Einari greinagóð svör og sleit fundi kl. 20:53